Alþingi
Erindi nr. Þ 141/380
komudagur 6.11.2012

SIÐMENNT
Félag siðrænna húmanista á Íslandi
Æsufelli 4, 2F
111 Reykjavík
www.sidmennt.is
sidmennt@sidmennt.is

Umsögn frá Siðmennt þann 6. nóvember 2012

Mál nr. 155 á 141. löggjafarþingi - Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins (staðfesting barnasáttmála)

Nefnd: Allsherjar- og menntamálanefnd

Siðmennt mælir eindregið með samþykkt frumvarpsins eins og vonast til þess að það hljóti lagagildi sem fyrst. Siðmennt fagnar frumvarpinu þar sem það eykur vernd barna til muna.

Þá mælir Siðmennt með breytingu á frumvarpinu þar sem lagt er til afnám sjálfkrafa skráningu barna í trúfélög. Siðmennt hefði ekki mælt með þessari breytingu á vettvangi lögfestingar barnasáttmálans ef ekki væri fyrir það að Alþingi hefur einnig til meðferðar stjórnarfrumvarp þar sem hinu sama skipulagi á að breyta en samt á þann hátt að það brýtur enn gegn sáttmála þessum. Það orkar tvímælis ef Alþingi samþykkir skipulag sem brýtur gegn alþjóðlegum mannréttindasamningi sem það var að lögfesta eða er að fara að lögfesta.

Sjálfvirk skráning barna í trúfélög brýtur gegn 2. mgr. 14. gr. sáttmálans þar sem það á að vera hlutverk foreldra að aðstoða barnið við að taka slíka ákvörðun eða taka ákvörðun fyrir það hafi barnið ekki þroska til þess. Fram að þeim tíma sem þessi ákvörðun er tekin sérstaklega, hvort sem það er af foreldri eða af barninu sjálfu, ætti trú- eða lífsskoðunarfélagsstaða barnsins að vera ótilgreind. Rökfræðilega séð er það rangt að setja trúar- eða lífsskoðunarstimpil á barn á þessum aldri þar sem það er rétt svo vart við umheiminn, hvað þá að taka eins mikilvæga ákvörðun og að ganga í slík félög.

Sú breyting sem flutningsmaður frumvarpsins um breytingar á lögum um trúfélög mælir með gengur í rétta átt en brýtur samt áfram á þessu ákvæði sáttmálans. Siðmennt mælir því með að nefndin leggi til viðbót í 4. gr. frumvarpsins þar sem þetta háttalag á skráningu er afnumið og að hún mæli með því að umrædd breyting um sjálfvirka skráningu samkvæmt hinu frumvarpinu nái ekki í gegn.

Tillögur að breytingum

Við 1. mgr. 4. gr. frumvarpsins bætist við nýr tl., er verður 4. tl., og hljóðar svo:

4. *Lög um skráð trúfélög, nr. 108/1999, með síðari breytingum:* 2. mgr. 8. gr. laganna skal falla brott.

F.h. Siðmenntar

Svavar Kjarrval Lúthersson